

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við reglugerðina:

a. Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá:

EB-nr.	CAS-nr.	Efni	Mengunarmörk				Ath.	Nr.
			Fyrir 8 tíma		Þakgildi			
			ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³		
209-800-6	593-60-2	Brómetýlen	1	4,4	-	-	K	
203-450-8	106-99-0	1,3 Bútandíen	1	2,2	-	-	K	
200-879-2	75-56-9	1,2 Etoxýprópan	1	2,4	-	-	H, K	
206-114-9	302-01-2	Hydrasín	0,01	0,013	-	-	H, K	
202-429-0	95-53-4	o-Toluidín	0,1	0,5	-	-	H, K	
239-487-1	15468-32-3	Trídýmit Heildarryk Örfint ryk	- -	0,15 0,05	- -	- -	K	
231-801-5	7738-94-5	Krómsýra og krómöt (Sexgilt króm, Cr (VI)), sem Cr, fyrir utan strontíumkrómat	-	0,005	-	-	O, K	33)
		Keramíþræðir	-	0,3	-	-	K	3), 34)
238-878-4	14464-46-1	Kristóbalít Heildarryk Örfint ryk	- -	0,15 0,05	- -	- -	K	
238-455-4	14808-60-7	Kvars Heildarryk Örfint ryk	- -	0,3 0,1	- -	- -	K	

- b. Á eftir 32. tölul. í lista yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá og samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfint ryk og þræði koma tveir nýir tölulíðir, svohljóðandi:
33. Mengunarmörk 0,010 mg/m³ gilda til 17. janúar 2025. Þrátt fyrir framangreint gilda mengunarmörk 0,025 mg/m³ við rafsúðu, plasmaskurð eða sambærilega vinnu sem myndar gufur til 17. janúar 2025.
34. Þræðir í rúmmetra (m³).

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 38. og 3. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, til innleiðingar á tilskipun 2017/2398/ESB frá 12. desember 2017, um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað, sem vísað er til í XVIII. viðauka sammings um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2009, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Bjarnheiður Gautadóttir.